

Fjórtaði fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Árið 2021, sunnudaginn 05/09/21 kom Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd saman til rafræns fundar kl 16.00.

14. fundur kjörtímabilsins 2018-2022

Mættir til fundar Guðríður Eva Þórarinnisdóttir formaður, Heimir Sigurðson nefndarmaður, Sigfríð Lárusdóttir ritari.

1. Nýr forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zero
  - a. Nýr forstöðumaður óskar eftir skipulagi á samskiptum við nefndina og nefndin óskar eftir einni skýrslu á hverri önn og einum fundi á ári, nema eitthvað komi uppá sem þarf að leysa fljótt og örugglega.
2. Nýir nefndarmenn í ungmennaráð
  - a. Það vantar tvo aðalmenn í tvö ár og einn aðalmann í eitt ár og varamann í tvö ár.
  - b. Auglýst var eftir áhugasömum einstaklingum inná íbúðasíðu Hrunamannahrepps til tilbreytingar.
3. Drög að starfsáætlun félagsmiðstöðvarinnar
  - a. Nefndin er ánægð með drögin og setur ekkert út á þau.
4. Miðstig grunnskóla
  - a. Í fyrra óskaði nefndin eftir aðgerðum í að finna miðstigsbörnum frístundarstað þar sem þau gætu haft afdrep milli skóla og íþróttæfinga. Óskum við eftir svörum hvar þau mál standa.

Fundi slitið kl 16.00